



# Seltjarnarnesbær

Ársskýrsla 2017

Efnisyfirlit

	Bls.
Inngangur	3
Fulltrúar Seltjarnarnesbæjar í nefndum og stjórnnum	4
Fulltrúar Seltjarnarnesbæjar í samstarfsnefndum/verkefnum	5
Umhverfissvið	6
Félagsþjónustusvið	9
Fjárhags- og stjórnsýslusvið	15
Íþrótt- og tómstundasvið	17
Fræðslusvið	22
Menningar- og samskiptasvið	29

## Inngangur ársskýrslu Seltjarnarness 2017

Ársskýrsla Seltjarnarness 2017 samanstendur af greinargerðum sviðsstjóra sviða og tölulegum hluta sem inniheldur upplýsingar vegna samantekins A- og B- hluta.

Fjárhagsáætlun ársins 2017 var unnin með sama hætti og árið áður þar sem ný sveitarstjórnarlög og fjármálareglur setja nýjan ramma, sem hefur þau áhrif að vinnan var a.m.k. mánuði á undan því sem venja hefur verið.

Tímaritið Vísbending hefur mörg undanfarin ár skoðað fjárhag sveitarfélaga og gefið einkunnir eftir nokkrum þáttum. Einkunnagjöfin mælir þó fyrst og fremst fjárhagslegan styrk og horft er á sveitarfélagið í heild, þ.e. samstæðuna. Seltjarnarnesbær hefur til margra ára verið í fyrsta sæti eða í efstu sætum þessara úttekta. Ástæðurnar má rekja til þess að Seltjarnarnes er með lægstu útsvarsprósentu á landinu, sem vegur hvað þyngst á vogarskálum þeirrar reiknireglu sem Vísbending leggur til grundvallar matinu.

Megináherslur í fjárhagsáætlun bæjarins endurspeglar það leiðarljós bæjarstjórnar að verja grunnþjónustu bæjarfélagsins, s.s. fræðslustarfsemi og félagslega þjónustu.

Fjárhagur Seltjarnarness er mjög traustur og reksturinn ábyrgur. Skuldastaða sveitarfélagsins er með því lægsta á landinu.

Starfsfólk Seltjarnarnesbæjar hefur lagt mikla áherslu á samstarf milli stofnana og deilda í því skyni að ná sem bestri þjónustu við íbúa bæjarins.

Ég vil nota tækifærið og þakka bæjarstjórn samstarfið og öllu því góða starfsfólki Seltjarnarnesbæjar, góða vinnu og frábæran árangur í rekstri hans á árinu 2017.

Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri.

# Fulltrúar Seltjarnarnesbæjar í nefndum og stjórnnum 31. des. 2017

## **Bæjarstjórn Seltjarnarness**

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri  
Bjarni Torfi Álfþórsson, forseti bæjarstj.  
Magnús Örn Guðmundsson  
Guðmundur Ari Sigurjónsson  
Sigrún Edda Jónsdóttir  
Árni Einarsson  
Margrét Lind Ólafsdóttir

## **Endurskoðandi**

Auðunn Guðjónsson KPMG hf.

## **Fjölskyldunefnd**

Guðrún B. Vilhjálmisdóttir, formaður  
Árni Ármann Árnason  
Laufey Elísabet Gissurardóttir  
Magnús Margeirsson  
Halldóra Jóhannesdóttir Sanko

## **Bæjarráð**

Sigrún Edda Jónsdóttir, formaður  
Bjarni Torfi Álfþórsson  
Margrét Lind Ólafsdóttir

## **Íþróttá- og tómstundaráð**

Magnús Örn Guðmundsson, formaður  
Sigríður Sigmarsdóttir  
Ásgeir G. Bjarnason  
Rán Ólafsdóttir  
Gissur Ari Kristinsson

## **Jafnréttisnefnd**

Guðrún B. Vilhjálmisdóttir formaður  
Karl Pétur Jónsson  
Hrafnhildur Stefánsdóttir

## **Menningarnefnd**

Sjöfn Þórðardóttir formaður  
Lýður Þorgeirsson  
Ásta Sigvaldadóttir  
Oddur Jónas Jónasson  
Sigurþóra Bergsdóttir

## **Skipulags- og umferðarnefnd**

Bjarni Torfi Álfþórsson formaður  
Anna Margrét Hauksdóttir  
Ásgeir Guðmundur Bjarnason  
Ragnhildur Ingólfisdóttir  
Stefán Bergmann

## **Skólanefnd**

Sigrún Edda Jónsdóttir formaður  
Magnús Örn Guðmundsson  
Karl Pétur Jónsson  
Sigurþóra Steinunn Bergsdóttir  
Hildigunnur Gunnarsdóttir

## **Umhverfisnefnd**

Margrét Pálsdóttir formaður  
Guðmundur Jón Helgason  
Elín Helga Guðmundsdóttir  
Ragnhildur Ingólfisdóttir  
Margrét Lind Ólafsdóttir

## **Yfirkjörstjórn**

Pétur Kjartansson  
Árni Ármann Árnason  
Gróa Kristjánsdóttir

## Fulltrúar Seltjarnarnesbæjar í samstarfsnefndum/verkefnum

### Almannavarnarnefnd

Ásgerður Halldórsdóttir  
Sigrún Edda Jónsdóttir

### Reykjanesfólkvangur

Margrét Pálsdóttir  
Stefán Bergmann

### Stjórn skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins

Magnús Örn Guðmundsson

### Stjórn Sorpu

Bjarni Torfi Álfþórsson

### Fulltrúarráð Brunabótafélags Íslands

Ásgerður Halldórsdóttir

### Stjórn Strætó

Sigrún Edda Jónsdóttir

### Fulltrúarráð Eirar

Jónína Þóra Einarsdóttir  
Sigurþóra Bergsdóttir  
Jóhanna Runólfsdóttir

### Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

Ásgerður Halldórsdóttir

### Fulltrúaráð málræktarsjóðs

Soffía Karlsdóttir

### Svæðisskipulag SSH

Bjarni Torfi Álfþórsson  
Stefán Bergmann

### Fulltrúaráð SSH

Bjarni Torfi Álfþórsson  
Margrét Lind Ólafsdóttir

### Veitustofnanir - stjórn

Ásgerður Halldórsdóttir  
Lýður Þór Þorgeirsson  
Guðmundur Jón Helgason  
Axel Kristinsson  
Magnús Rúnar Dalberg

### Fulltrúaráð Sorpu

Sigrún Edda Jónsdóttir

### Gjafasjóður Sigurgeirs Einarssonar

Ásgerður Halldórsdóttir  
Jón Jónsson

### Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis

Hannes Tryggvi Hafstein  
Magnús R. Dalberg

### Öldungaráð Seltjarnarnesbæjar - stjórn

Ólafur Egilsson  
Hildigunnur Gunnarsdóttir  
Magnús Oddsson  
Jónína Þóra Einarsdóttir  
Birgir Vigfússon

### Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga

Ásgerður Halldórsdóttir  
Bjarni Torfi Álfþórsson  
Margrét Lind Ólafsdóttir

## Umhverfissvið

Aðsetur: Austurströnd 2 og í Áhaldahúsi Austurströnd 1

Sími: 5959 100

Veffang: [www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is)

Vefpóstur: [postur@seltjarnarnes.is](mailto:postur@seltjarnarnes.is)

Sviðsstjóri umhverfissviðs, forstöðumaður veitna: Gísli Hermannsson

Skipulags- og byggingarfulltrúi: Kristinn Guðbjartsson

Afgreiðslutími: Mánud. – fimmtud. frá kl. 8:45 – 16:00.

Föstudaga frá kl. 8:45-14:00

Fjöldi starfsfólks: 13

Fjöldi stöðugilda: 13

Umhverfissvið fer með umhverfis- og byggingarmál. Það hefur umsjón með öllum framkvæmdum á vegum bæjarins, byggingareftirliti, brunavörnum, viðhaldi á fasteignum bæjarins, gatna-, vatns- og fráveitukerfum, garðyrkju, vinnuskóla og umhverfismálum. Bygginga- og umhverfissvið fer einnig með málefni áhaldahúss, smábátahafnar og landsupplýsingakerfis.

Í afgreiðslu bæjarskrifstofu, Austurströnd 2 eru afgreiddar allar rafmagns-, bygginga- og verkfræðiteikningar húsa í bænum. Þar liggja umsóknareyðublöð vegna skipulagsmála-, byggingaframkvæmda og uppáskrifta iðnmeistara og móttekin gögn til skipulags- og byggingarfulltrúa og skipulags- og mannvirkjanefndar.

### Verkefni bæjarins á sviði byggingamála

Viðgerðir á „kálfi“ voru kláraðar við Mýrarhúsaskóla. Töluvert var um viðhald á félagslegu íbúðarhúsnæði. Í félagsheimilinu og ýmsum öðrum stofnunum var einnig unnið umtalsvert viðhald. Leikskólarnir fengu hefðbundið viðhald. Einnig var töluvert unnið í viðgerðum á ljóskastarahúsinu, sem er hús frá stríðsárunum. Byrjað var á endurbótum fyrir íþróttahús en fyrirhugað er að stækka það.

### Þjónustumiðstöð

Þjónustumiðstöð sér um rekstur áhaldahúss, eignasjóðs og veitna, gatnaframkvæmdir, opin svæði m.m.

Starfsmenn þjónustumiðstöðvar unnu að margvíslegum viðhalds- og þjónustuverkefnum á árinu, auk þess að sinna verkefnum sem bæjarstjóri, veitustjóri, garðyrkjustjóri eða aðrir forstöðumenn stofnana óskuðu eftir. Nokkuð var um nýframkvæmdir og viðhaldsvinnu við dreifikerfi veitustofnana, gatna-, gangstétta og göngustíga. Viðhald fasteigna, bæði húseigna og lóða þ.m.t. leiksvæða í eigu bæjarins voru stór þáttur í starfseminni. Snjómokstur og hálkueyðing var töluvert meiri en á síðasta ári.

Sumarstarfsemi áhaldahússins var með hefðbundnu sniði.

Mun færri sumarstarfsmenn komu til vinnu en árið áður. Unnið var í sjö tíma á dag fjóra daga vikunnar, en ekki var unnið á föstudögum. Verkefnin voru fjölbreytt, t.d. almennur sláttur opinna svæða, kerfill og njóli sleginn og málningarvinna var bæði úti og inni. Dæmi um

útvinnu var umferðarmerki, götur, staurar. Leiksvæði í bænum voru hreinsuð og máluð. Öll niðurföll voru hreinsuð. Auk þess var unnið við ýmis viðhaldsverkefni.

### **Bæjarverkfræðingur**

Bæjarverkfræðingur hefur umsjón með öllum framkvæmdum á vegum bæjarins sem snúa að gerð og viðhaldi á götum, gangstéttum, ljósastaurum, vatns- og fráveitukerfum. Einnig fer hann með málefni er snúa að hljóðvörnum, sorphreinsun, smábátahöfn, umhverfisöryggismál og sjóvarnargarða innan sveitarfélagsins. Á árinu 2017 var umtalsverð samvinna, með Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og Umhverfisstofnun, að ýmsum málefnum. Það má m.a. nefna málefni er varða sorphirðu á höfuðborgarsvæðinu og vatnsvernd fyrir höfuðborgarsvæðið.

### **Viðhald gatnakerfis og gangstétta**

Verktaki var ráðinn til að sópa allan bæinn. Þess utan var unnið að almennu viðhaldi á umferðarmerkjum og merkingu bílastæða. Töluvert var um malbiksviðgerðir og hellulagnir á árinu.

### **Framkvæmdir við smábátahöfn og sjóvarnargarða**

Hefðbundið viðhald var við Smábátahöfn og sjóvarnargarða.

### **Veitustofnun Seltjarnarness (hitaveita, fráveita og vatnsveita).**

Skrifstofa hitaveitunnar er staðsett í Þjónustumiðstöð bæjarins að Austurströnd 1.

### **Helstu verkefni veitustofnana árið 2016.**

Unnið var að viðhaldi og viðgerðum í dreifikerfi hita- og fráveitu. Starfsmenn Þjónustumiðstöðvar sinntu reglubundnu viðhaldi sem og að leggja stofnlagnir. Lagðar voru nýjar heimæðar m.a. í mýrinni og víðar.

### **Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis**

Þverholti 2, 5. hæð, 270 Mosfellsbær

Sími: 525 6795 Bréfsími: 525 6799

Veffang: [www.eftirlit.is](http://www.eftirlit.is)

Framkvæmdastjóri: Þorsteinn Narfason.

### **Um heilbrigðiseftirlitið**

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis (HEK) er rekið sameiginlega af Kjósarhreppi, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi. Hlutverk heilbrigðiseftirlits er að sjá um að ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sé framfylgt. Einnig ákvæðum reglugerða, heilbrigðissamþykktu og ákvæðum í sérstökum lögum og reglum sem heilbrigðisnefndum er, eða kann að vera falið að annast framkvæmd á.

### **Neysluvatn**

Gæði vatns á Seltjarnarnesi er almennt góð en vatnið kemur úr dreifikerfi eða vatnsbóli Reykjavíkur. Undanfarin ár hafa gæði frá aðkeyptu neysluvatni frá Orkuveitu Reykjavíkur haldist stöðug og öll sýni verið innan viðmiðunarmarka. Heilbrigðiseftirlitið fylgdist reglulega

með neysluvatni á árinu, samkvæmt reglugerð um neysluvatn, en eftirlitið felur í sér sýnatökur, úttekt á innra eftirliti og mannvirkjum. Viðgerðum á lekum í dreifikerfinu var sinnt, jafnframt því sem unnið var með SSH og tæknimönnum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að vatnsvernd fyrir höfuðborgarsvæðið.

### **Fráveita**

Á Seltjarnarnesi er öllu skólpi dælt í hreinsistöðina við Ánanaust. Reglubundið viðhald var á dælustöðvum fráveitukerfisins. Reglubundin vöktun á strandlengjunni á Seltjarnarnesi hefur farið fram í mörg ár. Fjórir sýnatökustaðir eru vaktaðir á ári hverju og sýni tekin til að kanna saurkólímengun.

### **Vinnuskólinn**

Vinnuskóli var starfræktur fyrir aldurshópinn 14 - 17 ára. Elsti árgangur vinnuskólans hefur lokið fyrsta ári í framhaldsskóla. Tveir eldri árgangarnir voru í vinnu 7 tíma á dag en tveir yngri voru í 3,5 tíma á dag. Unnið er fjóra daga vikunnar. Vinnuskólinn var starfræktur í júní og júlí.

Meginuppistaða í verkefnum vinnuskólans voru sláttur, almenn garðyrkjustörf, gróðursetning, hreinsun beða, götuhreinsun, málningarvinna og almenn fegrun á umhverfinu. Gott félagslíf er í vinnuskólanum.



## Félagsþjónustusvið

Aðsetur: Mýrarhúsaskóli eldri við Nesveg

Sími: 5959 100

Bréfsími: 5959 101

Veffang: [www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is)

Afgreiðslutími: Mánud. – fimmtud. frá kl. 8:00 – 16:00

Föstudaga frá kl. 8:00 - 14:00

Félagsmálastjóri: Snorri Aðalsteinsson

Fjöldi starfsmanna: 46

Fjöldi stöðugilda: 28,8

Félagsþjónustan er til húsa í Mýrarhúsaskóla eldri við Nesveg. Þar starfa auk félagsmálastjóra 2 félagsráðgjafar í 2 starfsgildum og deildarstjóri í öldrunarþjónustu í fullu starfi. Veitt er félagsleg ráðgjöf, tekið við umsóknnum um félagslega þjónustu, unnið úr þeim og lagt mat á þjónustupörf. Félagsráðgjafar á skrifstofu félagsþjónustu starfa einnig að barnavernd sem er eitt af verkefnum félagsþjónustunnar.

### Fjölskyldunefnd

Fjölskyldunefnd fer, í umboði bæjarstjórnar, með stjórn og framkvæmd félagsþjónustu í bæjarfélaginu og félagsleg húsnaðismál samkvæmt lögum og reglugerðum er þar að lúta og því sem bæjarstjórn felur henni. Þá skal nefndin fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Seltjarnarnesbæjar hverju sinni. Fjölskyldunefndin fer einnig með hlutverk barnaverndarnefndar Seltjarnarness. Nefndin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði frá ágúst fram í maí en sjaldnar yfir sumarið. Nefndin fundaði 11 sinnum á árinu.

### Félagsleg ráðgjöf og fjárhagsaðstoð.

Heldur færri leitaðu félagslegrar aðstoðar og ráðgjafar en árið áður. 38 aðilar fengu fjárhagsaðstoð en voru 47 á árinu 2016. Algengast er að fólk leiti eftir aðstoð og ráðgjöf í kjölfar minnkandi vinnu, vegna langvarandi veikinda eða vegna atvinnumissis en einnig vegna tekjusamdráttar og erfiðleika við að láta enda ná saman. Vinna félagsráðgjafa felst m.a. í ráðgjöf, stuðningi og leiðbeiningum auk þess að leggja mat á umsóknir um félagslega aðstoð og að beina fólki eftir atvikum í endurhæfingar- og meðferðarúrræði. Algengast er að fólk fái tímabundið fjárhagsaðstoð og var meðaltímalengd aðstoðar 3,5 mánuðir.

### Húsaleigubætur – sérstakur húsnaðisstuðningur

Greiðslur almennra húsaleigubóta færðust til Vinnumálastofnunar í upphafi ársins en þær voru áður hjá sveitarfélögunum og höfðu verið það í 22 ár. Greiðsla sérstaks húsnaðisstuðnings hófst hjá sveitarfélögunum í stað sérstakra húsaleigubóta. Alls fengu 36 fjölskyldur greiddan sérstakan húsnaðisstuðning á árinu auk þess að fá almennar húsnaðisbætur. Útgjöld vegna húsnaðisstuðningsins voru 6,9 milljónir á árinu en til samanburðar voru útgjöld til sérstakra húsaleigubóta á árinu 2016 4,9 milljónir og fengu 18 fjölskyldur þær greiddar. Þessar bætur eru þó ekki sambærilegar og giltu þrengri reglur um sérstöku húsaleigubæturnar. Reglurnar um sérstakan húsnaðisstuðning eru rýmri og fleiri eiga þar af leiðandi rétt á þeim.

### Atvinnuleysi

Að meðaltali voru um 50 atvinnulausir skv. skrá Vinnumálastofnunar. Stofnun sér um skráningu atvinnulausra, vinnumiðlun og greiðslu atvinnuleysisbóta. Í upphafi ársins voru 63 atvinnulausir en í lok ársins voru 39 án atvinnu. Meðaltalstölur atvinnuleysis síðustu tveggja ára eru þær sömu en þegar árið 2017 er skoðað eftir mánuðum kemur fram að það dregur úr atvinnuleysisinu þegar líður á árið. Í desember voru 39 atvinnulausir en 70 í febrúar en þá voru flestir atvinnulausir á árinu 2017. Mikil eftirspurn hefur verið eftir fólki á vinnumarkaðnum og erfitt reynst að manna ýmis störf, m.a. hjá bæjarfélaginu.

### **Barnavernd**

Nokkru fleiri barnaverndarmál voru til meðferðar en árið áður. Eitt barn fór í fóstur á árinu en stuðningsfjölskyldur tóku að sér börn í tímabundnar dvalir. Alls bárust 58 tilkynningar sem er fjölgun um 6 tilkynningar frá fyrra ári. Þegar tilkynningar bárust til barnaverndar var í flestum tilvikum ákveðið að hefja könnun, eða þá að mál eru þegar í könnun eða í opinni vinnslu. Að könnun lokinni er staða hvers máls metin og ákvörðun tekin um hvort þörf sé á frekari aðgerðum af hálfu barnaverndarstarfsmanna. Starfsmenn sóttu námskeið Barnaverndarstofu um notkun ESTER og símenntunarnámskeið.

### **Forvarnir**

Samráðshópur um áfengis- og vímuvarnir fundaði tvisvar á árinu. Það er mat hópsins að dregið hafi úr áfengis- og vímuefnanotkun unglunga undanfarin ár og er öflugur forvarnarstarfi hjá öllum þeim sem koma að uppeldi barna og unglunga þakkaður sá árangur.

Framkvæmdastjóri Rannsóknar- og Greiningar kynnti helstu niðurstöður á rannsókn sem gerð var í febrúar 2017 um hagi og líðan ungs fólks á Seltjarnarnesi árið 2016. Seltjarnarnes kom vel út miðað við landsmeðaltal en rannsóknin er framkvæmd á landsvísu. Árangur af forvarnarstarfi er góður, en mikilvægt er að sofna ekki á verðinum og vera vakandi fyrir öllum vísbendingum úr umhverfi barna og unglunga.

### **Þjónusta við aldraða - félags- og tómstundastarf, dagdvöl, mötuneyti.**

Í þjónustumiðstöð eldra fólks á Skólabraut 3 – 5 starfa 8 manns við þjónustu í þágu aldraða. Þar fer fram félags- og tómstundastarf og mötuneyti er opið flesta daga ársins. Dagdvöl fyrir aldraða er einnig starfrækt þar. Níu manns geta verið þar samtímis, sumir eru alla virka daga en aðrir 2 – 3 daga í viku. Í húsinu á Skólabraut 3-5 eru einnig 38 íbúðir í eigu aldraða. Í Eiðismýri 30 eru 26 eignaríbúðir. Á fyrstu hæð er salur þar sem fólki býðst hádegisverður. Einnig er salurinn nýttur til spila og annarra tilfallandi viðburða.

Ágætis þátttaka var í fjölbreyttu og skemmtilegu félags- og tómstundastarfi eldri bæjarbúa á árinu 2017. Vetrarstarfinu 2016-2017 lauk eins og venja hefur verið með þriggja daga handverkssýningu í lok maí, en sýningin opnaði á uppstigningardag sem einnig er dagur eldri borgara. Allir þeir sem tóku þátt í námskeiðunum í leir, listasmiðju, bókbandi, timburmönnum og almennri handavinnu komu að sýningunni sem var mjög fjölbreytt og falleg. Engin námskeið voru í gleri eða glerlist á árinu 2017 en það stendur til bóta á þessu ári. Árleg sumarferð eldri borgara var farin í lok júní. Að þessu sinni var farið um uppsveitir Árnessýslu. Ljósafossvirkjun, Úlfhljótsvatn, Sólheimar í Grímsnesi ásamt heimsókn í sumarhús í eigu hjónanna Guðmundar og Þórunnar. Alls staðar var tekið á móti hópnum með leiðsögn

og fræðslu um viðkomandi staði. Sameiginlegur kvöldverður var svo snæddur í lok dags í Þrastalundi. Einnig var lagt upp í nokkrar „óvissuferðir“ sem alltaf eru vinsælar og vel sóttar, farið í leikhús og haldin skemmti- og spilakvöld ásamt því að fara á Hótel Örk í jólahlaðborð. Sú ferð var vel sótt og mæltist vel fyrir. Fastur liður í félagsaðstöðunni alla morgna er „kaffispjall í króknum“ og þar fer fjölgandi dag frá degi. Námskeið í bókbandi, leir og listasmiðju eru fastir liðir á dagskránni og alltaf vel sóttir. Alla daga er í boði einhvers konar hreyfing, svo sem sund, jóga, hjáturjóga, gönguferðir og botsía. Handavinna, félagsvist, bingó, bíó og lomber eiga fastan sess í dagskránni ásamt ýmsu öðru óvæntu sem upp kemur. Reglulega koma gestir sem bjóða upp á ýmis konar skemmtun, eins og tónlist, söng, lestur, fróðleik, spil o.fl. Gott samstarf er við margar af stofnunum bæjarins, má þar nefna tónlistarskólann, Selið félagsmiðstöð unglunga, og Skelina ungmennahús, Seltjarnarneskirkju, bókasafnið, golfklúbbinn og íþróttamiðstöðina ásamt Lions og Vörðuna. Eldri borgarar koma saman alla föstudaga og syngja og hefur organisti kirkjunnar, Friðrik Vignir, séð um að halda sönghópnum gangandi í vetur í fjarveru Ingu Bjargar. Efla mætti það starf enn frekar ásamt því að auka mætti einhverskonar samstarf eða samfundi milli kynslóða, þ.e. leikskóla og skólabarna við eldri borgara. Karlahóparnir hafa eflst og fest sig í sessi. Þeir hittast og spila billjard í Selinu og kirkjunni, elda saman, hittast í karlakaffi í kirkjunni og koma saman og vinna úr tré í Valhúsaskóla. Eftir áramótin bauðst eldri borgurum að mæta í Risið á Eiðistorgi á þriðjudögum til að æfa þútt. Tímarnir eru mjög vel sóttir, brennandi áhugi og mikil keppni í gangi. Einnig var farið af stað með kvennaleikfimi í samstarfi við Hreyfiland á Eiðistorgi. Tímar þar eru tvisvar í viku og alltaf fullbókað. Einnig var farið af stað með námskeið í bridge að frumkvæði íbúa í Eiðismýri. Sett var upp námskeið og í kjölfarið tveir spiladagar í viku sem eru vel sóttir.

Félags- og tómstundastarf eldri bæjarbúa er í gangi allt árið þótt aðeins dragi úr starfinu yfir hásumarið. Unglingar í sumarstörfum hjá bænum í samráði við forstöðumann félagsstarfsins, Selið og ungmennaráð sjá þá um að halda úti dagskrá yfir sumartímamann með aðeins breyttum áherslum frá vetrardagskránni. Boðið er upp á tölvunámskeið, gönguferðir, spil, leiki og ýmislegt fleira. Þetta samstarf sem skapast hefur, hefur mælst mjög vel fyrir og er til fyrirmyndar og er vel metið af þeim sem þess njóta.

Stöðugt þarf að fylgjast með og vera vakandi yfir því að starfið sé sýnilegt, áhugavert og fjölbreytt og dagskráin þess eðlis að það sé eftirsóknarvert að vera þátttakandi. Tvisvar á ári er dagskráin borin út til allra eldri borgara. Dagskráin er einnig auglýst daglega í Morgunblaðinu, Nesfréttir birta pistil frá félagsstarfinu í hverjum mánuði og tilkynningar um starfið eru hengdar upp á Skólabraut og Eiðismýri eftir því sem við á. Facebook / eldri borgarar á Seltjarnarnesi er einnig nýtt þar sem birtast ýmsar upplýsingar, myndir o.fl. og setur félagsstarfið inn tilkynningar og þeir eldri borgarar sem á annað borð eiga eða hafa aðgang að tölvum kíkja þar inn og fylgjast með, einnig er allar upplýsingar að finna á heimasíðu bæjarins og hjá forstöðumanni í félagsaðstöðunni á Skólabraut.

Almenn þátttaka í félagsstarfi og tómstundum eldri borgara eykur lífsgæði þeirra og færni og á að byggjast á gagnkvæmri virðingu. Allir vita að eldri borgurum á eftir að fjölga ört á komandi árum. Eldri borgarar eru almennt ekki hávær eða kröfuharður hópur, en húsnæðisaðstaða félags- og tómstundastarfsins er farin að þrengja að og er óhentug á ýmsa

vegu. Huga þarf að úrbótum, skoða og gera þarfagreiningu á aðstöðunni og vinna hana með notendum til hagsbóta fyrir alla.

## Heimaþjónusta

Starfsmenn heimaþjónustu sinna því mikilvæga verkefni að styðja aldraða og aðra við ýmsa þætti heimilishalds og gera þeim unnt að búa sem lengst heima. Þessi þjónusta hefur verið að eflast og er aukin áhersla lögð á umönnunar- og félagslega þáttinn. Aldraðir hafa undanfarið verið útskrifaðir fyrr heim eftir veikindi en áður vegna mikils álags sem ríkir á spítölum. Það hefur kallað á breyttar áherslur í heimaþjónustu, kvöld- og helgarþjónustu og aukna þjónustu í formi lengri viðveru og tíðari heimsóknna á heimili notenda. Í kvöld- og helgarþjónustunni er vinnutími sveigjanlegur til að mæta betur þörfum notenda hverju sinni. Aukin samvinna er við heimahjúkrun. Auk þess fær fólk aðstoð við hefðbundin þrif og hefur verktaki annast þjónustu á liðlega 20 heimilum þar sem eingöngu er óskað eftir heimilisþrifum. Veitt var kvöld- og helgarþjónusta til þeirra sem þurfa aðstoð við lyfjagjöf, mat, viðveru á matartímum og aðstoð fyrir svefninn. Hefur heimaþjónustan á að skipa fjölhæfum starfsmönnum sem sumir hafa orðið margra ára dýrmæta reynslu í starfi. Alls fengu 129 heimili heimaþjónustu á árinu. Þar af voru heimili aldraðra 112, heimili öryrkja 13 og 4 heimili vegna veikinda og annars.

Heimilisþjónusta, skipting vinnustunda eftir tegundum heimila og aldri (neðri taflan):

Skilgr.heimilis	Fjöldi vinnustunda		Fjöldi Heimila
	Þrif	Innlit	
Heimili eldra fólks	4242,5	4082	112
Heimili öryrkja	1210,5	824	13
Heimili önnur	175	0	4
Samtals:	5628	4906	129
Nánari aldursgreining Heimili eldra fólks	Fjöldi vinnustunda		Fjöldi Heimila
	Þrif	Innlit	
65 - 74 ára	736	608	19
75 - 79 ára	693	240	16
80 ára og eldri	2812,5	3234	77
	4241,5	4082	112

## Öldungaráð Seltjarnarness.

Ráðið er skipað 5 fulltrúum. Félag eldri borgara á Seltjarnarnesi skipar 3 fulltrúa en bæjarstjórn 2 fulltrúa. Starfsmaður ráðsins er félagsmálastjóri. Ráðið hélt fjóra fundi á árinu. Formaður þess er Ólafur Egilsson. Ráðið var skipað í mars 2016.

Ráðið fjallaði um fasteignagjöld og afslætti til eldri borgara, atvinnuþátttöku eldra fólks, átti fund með Þórunni Sveinbjörnsdóttur formanni Landssambands eldri borgara, kynnti sér byggingu hjúkrunarheimilisins í Nesi, ræddi hugmyndir um gerð kirkjugarðs í bæjarfélaginu og fékk Ellert B Schram formann félags eldri borgara í Reykjavík til fundar við sig.

## Hjúkrunarheimili

Unnið hefur verið að byggingu hjúkrunarheimilis við Safnatröð og hafa framkvæmdir gengið skv. áætlun. Reikna má með að heimilið verði tilbúið til notkunar í byrjun næsta árs. Fjörtíu rými verða í hjúkrunarheimilinu og lögð verður áhersla á að umhverfi og aðbúnaður líkist hefðbundnum einkaheimilum í notalegu umhverfi. Um leið miðast hönnunin að því að mæta þörfum fólks sem hefur skerta getu til athafna. Byggingin er á einni hæð, án stiga og gott aðgengi er að henni. Bílastæði og aðstaða til útiveru eru einnig opin og afar aðgengileg. Hið nýja hjúkrunarheimili býður upp á aðstæður sem stuðla að vellíðan þeirra sem þar dvelja, jafnt heimilismanna sem starfsfólks og aðstandenda. Forsendur byggingarinnar grundvallast á stefnu og viðmiðum velferðarráðuneytisins í öldrunarmálum. Seltjarnarnesbær annast hönnun og byggingu heimilisins í samráði við Framkvæmdasýslu ríkisins og Velferðarráðuneytið.

### **Málefni fatlaðs fólks**

Seltjarnarnesbær tók við allri þjónustu við fatlað fólk frá ársbyrjun 2017 en þá var lokið samstarfi bæjarins við Reykjavík um þjónustuna. Ráðinn var forstöðuþroskaþjálfari til að hafa umsjón með rekstri búsetukjarnans á Sæbraut 2 og vera ráðgefandi í þjónustu við fatlað fólk. Alls starfa um 10 starfsmenn á Sæbraut í liðlega 7 stöðugildum. Þar búa nú 4 íbúar í sérhæfðri búsetu. Tveir aðrir einstaklingar búa í sérhæfðri búsetu annars staðar sem samið hefur verið um við annars vegar Reykjavík og hins vegar Vinakot að annast. Fimm börn eru með stuðningsfjölskyldur, eitt barn í skammtímavistun. Gerðir hafa verið samningar um dagþjálfun og starfshæfingu við Styrktarfélagið Ás. Einn aðili er með samning við sveitarfélagið um að kaupa þjónustu fyrir sig sjálfur og 3 aðilar búa sjálfstætt með frekari liðveislu. Skipaður var stýrihópur um stefnumótun í málefnum fatlaðs fólks. Hópurinn fundaði 7 sinnum á árinu og stóð fyrir íbúðingum um þjónustu við fatlað fólk á Seltjarnarnesi og framtíðarsýn í málefnum þess. Var þingið haldið í Valhúsaskóla 11. nóvember og var vel sótt.

### **Ferðapjónusta fatlaðs og aldraðs fólks**

Strætó b.s. annast akstur fatlaðs og aldraðs fólks með sérútbúnum bílum á öllu höfuðborgarsvæðinu að undanskildum Kópavogi. Markvisst var unnið að því að bæta þjónustuna en margir alvarlegir byrjunarörðugleikar komu upp þegar Strætó tók við þjónustunni í ársbyrjun 2015. Ferðafjöldi og kostnaður var svipaður og árið áður en mun fleiri eldri borgarar nýttu sér ferðapjónustu á árinu.

Einnig er samningur um ferðapjónustu blindra og sjónskertra við Blindrafélagið og nýttu allmargir eldri borgarar sér þá þjónustu.

### **Jafnréttismál**

Seltjarnarnesbær hlaut Gullmerki Jafnlaunaúttektar PwC en PwC framkvæmdi jafnlaunaúttekt á launagögnum hjá Seltjarnarnesbæ fyrir launatímabilið febrúar 2016 og var niðurstaðan eftirfarandi: Grunnvinnulaun kvenna voru 2,7% hærri en grunnlaun karla.

Heildarlaun kvenna voru 0,9% hærrí en heildarlaun karla. PwC veitir fyrirtækjum og stofnunum Gullmerki Jafnlaunaúttektar PwC ef bæði launamunur grunnlauna og heildarlauna er undir 3,5% sem viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur. Voru niðurstöður könnunarinnar kynntar á sameiginlegum fundi með bæjarstjórn Seltjarnarness í febrúar.

Nefndin hélt áfram að afla kyngreindra upplýsinga frá Grunnskóla Seltjarnarness, Bókasafni Seltjarnarness, Sundlaug / Íþróttahúsi Seltjarnarnesbæjar, Íþróttafélaginu Gróttu, Golfklúbbi Ness / Nesklúbbum, Félagsmiðstöðinni Selinu, Félagsstarfi eldri bæjarbúa. Voru svör kynnt í samantekt á fundi nefndarinnar í október og einnig var þá hafinn undirbúningur að veitingu jafnréttisviðurkenningar til þess fyrirtækis eða stofnunar sem sýnt hefur jafnréttismálum alhug í verki.

### Lykiltölur

<b>Félagsþjónustusvið Seltjarnarness:</b>	<b>2014</b>	<b>2015</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>
Fjöldi íbúa sem fengu fjárhagsaðstoð	49	44	47	38
Fjöldi með sérstakan húsnæðisstuðning				36
Fjöldi fjölsk. sem unnið var með skv. barnav.lögum.	23	26	32	32
Fjöldi barna sem unnið var með skv. barnav.lögum	28	34	48	47
Fjöldi barnaverndartilkynninga	42	40	52	58
Meðaltalsfjöldi atvinnulausra yfir árið	54	49	50	50
Fjöldi heimila sem fengu heimaþjónustu	114	113	124	129
- þar af heimili aldraðra	99	100	105	112
- þar af heimili öryrkja	12	11	15	13
- þar af önnur heimili	3	2	4	4
Fjöldi einstaklinga sem nýttu sér ferðaþjónustu	72	64	75	113
-þar af fatlaðir	17	19	22	23
-þar af aldraðir	55	45	53	90
Heildarfjöldi ferða ferðaþj. aldraðir og fatlaðir	10.387	9.929	9.385	8.444
Fjöldi aldraðra í dagvist	22	20	19	25
Fjöldi dvalardaga í dagvist	1.812	2.118	2.245	2.186

Meðaldvalarlengd í mán. í dagvist yfir árið	5,7	7,4	7,7	7,2
Fjöldi einstaklinga sem fengu liðveislu	17	20	21	20
- þar af fjöldi barna sem fengu liðveislu	10	12	13	9
- þar af fjöldi fullorðinna sem fengu liðveislu	7	8	8	11
Fjöldi starfsfólks sem sinnti liðveislu	24	19	22	24
Fjöldi afgreiddra máltíða í mötuneytum fyrir aldraða á Skólabraut og í Eiðismýri	9.932	9.017	10.474	10.678
Fjöldi heimsendra máltíða til aldraðra/öryrkja	4.070	6.092	5.881	5.094

## Fjárhags- og stjórnsýslusvið

Aðsetur: Austurströnd 2

Sími 5959 100 Bréfsími 5959101

Veffang: [www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is)

Vefpóstur: [postur@seltjarnarnes.is](mailto:postur@seltjarnarnes.is)

Afgreiðslutími: Mánud. – fimmtud. frá kl. 8:00 – 16:00.

Föstudaga frá kl. 8:00 – 14:00

Fjármálastjóri: Gunnar Lúðvíksson

Fjöldi starfsfólks: 9

Fjöldi stöðugilda: 8,7

Fjárhags- og stjórnsýslusvið er stoðsvið sem vinnur þvert á önnur svið stjórnsýslunnar. Fjárhags- og stjórnsýslusvið hefur yfirumsjón með stjórnsýslu sveitarfélagsins, rekstri, fjármálum og starfsmannahaldi. Sviðið sér einnig um upplýsingagjöf til bæjarbúa, starfsmanna og viðskiptavina. Helstu viðskiptavinirnir eru íbúar Seltjarnarness, fyrirtæki og einstaklingar í viðskiptum við bæinn ásamt stofnunum og starfsmönnum bæjarins.

Helstu lög og reglur sem móta starfsemi sviðsins og skapa því umgjörð eru lög um sveitarfélög nr. 138/2011, stjórnsýslulög nr. 37/1993, upplýsingalög nr. 50/1996 og samþykktir og reglur Seltjarnarnesbæjar. ([www.seltjarnarnes.is/stjornsysla/samthykkir](http://www.seltjarnarnes.is/stjornsysla/samthykkir)).

### Stjórnskipulag og starfsmannahald

Dagleg stjórn fjárhags- og stjórnsýslusviðs er í höndum fjármálastjóra. Sviðið skiptist í eftirfarandi megin starfseiningar; áætlunargerð og stjórnsýslu, starfsmanna- og launamál, bókhald og reikningsskil, álagning og innheimta tekna, greiðsla reikninga, þjónusta við viðskiptavinum og skjalastjórn.

### Helstu verkefni 2017

Fjármálastjórn bæjarsjóðs og tengdra stofnana auk eftirlits með tekjum og útgjöldum bæjarsjóðs, umsjón með lána- og sjóðastýringu. Leitað var leiða til að bæta verklag og auka hagræði í rekstri.

Yfirumsjón og stjórn vinnu við fjárhagsáætlun og eftirfylgni, frávikagreining frá fjárhagsáætlun og kostnaðargreining.

Veita nefndum ráðgjöf, greiningu og upplýsingar varðandi það sem snýr að fjárhagslegum þáttum þeirra mála sem eru til meðferðar.

Veita ráðgjöf og þjónustu til stofnana bæjarins varðandi það sem snýr að fjármálum og rekstri, m.a. að samræma og leita leiða til að hagræða í innkaupum.

Yfirumsjón með fjárreiðum, greiðslu reikninga og innheimtu, álagningastofni fasteignagjalda og álagningu þeirra.

Ut anumhald íbúaskrár og spár um íbúa- og hagþróun í bænum.



## Fjármál

Rekstrartekjur bæjarfélagsins á árinu 2017 námu 3.975 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 4.102 m.kr. Þar af voru skatttekjur 3.209 m.kr. Meginhluti skatttekna eru útsvarstekjur sem námu 2.2737 m.kr. Fasteignaskattar námu 207 m.kr. Seltjarnarnes er með næst lægsta álagningarhlutfall útsvars sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eða 13,70%, en heimilt var að leggja á útsvar allt að 14,52% árið 2017.

## Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun ársins 2017 var samþykkt af bæjarstjórn í nóvember 2016. Gerðir voru 4 viðaukar við fjárhagsáætlunina á árinu 2017.

### Lykiltölur

Fjárhags- og stjórnsýslusvið	2013	2014	2015	2016	2017
Íbúafjöldi	4.376	4.415	4.418	4.450	4.590
Útsvarsprósenta	13,66%	13.66%	13.70%	13.70%	13.70%
Fasteignaskattur					
Íbúðarhúsnæði	0,21%	0,20%	0,20%	0,20%	0,20%
Opinbert húsnæði	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%
Atvinnuhúsnæði	1,25%	1,25%	1,25%	1,25%	1,25%
Skatttekjur í þús. kr.	546	568	572	628	698
Aðrar tekjur í þús. kr.	155	205	175	192	168
Laun og launatengd gjöld	354	388	471	480	525
Annar rekstrarkostnaður	244	265	282	304	335

## Íþróttta- og tómstundasvið

Aðsetur: Íþróttamiðstöð Seltjarnarness

Sundlaug sími: 561 1551

Íþróttahús sími: 561 2266

Suðurstrandavöllur sími: 571 0150

Veffang: [www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is)

Sviðsstjóri íþróttasviðs: Haukur Geirmundsson

Fjöldi starfsmanna: 20

Hlutverk íþróttta- og tómstundasviðs er að stuðla að heilbrigði almennings, skipuleggja uppbyggilegt og skemmtilegt tómstundastarf, eiga gott samstarf við íþróttta- og æskulýðsfélög og gæta þess að engum sé mismunað vegna kyns, þjóðernis eða fötlunar. Seltjarnarnesbær gegnir lykilhlutverki í frítímaþjónustu bæjarbúa ásamt aðildarfélögum. Saman hafa þessir aðilar staðið fyrir og hlúð að hvers konar starfsemi sem stuðlar að því að íbúar geti lagt stund á uppbyggilegt tómstundastarf utan vinnutíma. Frítímaþjónustan er ekki lögbundin, heldur almenningsþjónusta sem fólk sækir af eigin hvötum. Virk þátttaka í uppbyggilegu frístundastarfi hefur jákvæð áhrif á alla aldurshópa og fjölskyldulíf. Aukinn stuðningur við íþróttafélögin skilar sér í auknum iðkendafjölda og öflugra starfi. Með tómstundastyrkjum er lögð áhersla á að öll börn og unglingar hafi sömu möguleika á tómstundastarfi við hæfi. Með uppbyggingu glæsilegra íþróttamannvirkja er sköpuð aðstaða í öruggu umhverfi. Með kosningu á íþróttamanni og konu Seltjarnarness sýnir bæjarfélagið stuðning við íþróttafólk sem skarar fram úr. Nýstofnaður afreksmannasjóður er aukinn stuðningur við þá sem skara framúr í íþróttum í liða eða einstaklingskeppnum. Fjöldi starfsmanna og sjálfboðaliða leggja fram mörg þúsund vinnustundir árlega til þess að ná fram faglegum markmiðum og veita eins góða þjónustu og völ er á. Sú vinna skilar sér í fjölbreyttu æskulýðs- og íþróttastarfi fyrir alla aldurshópa með það að markmiði að auka lífsgæði, vellíðan og ánægju bæjarbúa.

Með öflugum íþróttta- og tómstundastarfi er lagður grunnur að ákveðnum farvegi fyrir upprennandi kynslóðir. Líðan barna og unglinga skiptir afar miklu máli og að þau eigi griðastað í öflugum tómstundastarfi og félagslegt öryggi. Frítíminn hefur ýmis gildi fyrir einstaklinginn og má þar nefna afþreyingu og forvarnargildi en eins má segja að um ákveðið menntunargildi sé einnig að ræða þar sem þau öðlast ákveðna reynslu í tómstundastarfinu sem þau munu svo nýta sér í framtíðinni.

Íþróttta- og tómstundanefnd ÍTS sem er pólitískt valin hefur það hlutverk að fjalla um málefni sviðsins í víðasta skilningi og er það gert á fundum nefndarinnar sem haldnir eru á eins til tveggja mánaða fresti.

### Sundlaug

Sundlaugin og World Class mynda eina glæsilegustu heilsuræktaraðstöðu á landinu þar sem almenningi gefst tækifæri á að stunda líkamsrækt við bestu aðstæður sem völ er á. Mikil ánægja er með þessa aðstöðu. Trimmklúbbur er starfræktur í tengslum við sundlaugina og

sundleikfimi er kennd fjórum sinnum í viku endurgjaldslaust ásamt sundfloti tvisvar í mánuði. Sundlaugin er heilsuparadís þar sem almenningur hefur tækifæri á að rækta líkama og sál og njóta félagsskapar við aðra sundlaugargesti. Mikið er lagt upp úr reglulegu viðhaldi, því búnaður sundlaugar er margbreytilegur og viðkvæmur og mikilvægt að hann sé í lagi svo öryggiskröfum sé fylgt í hvívetna. Á árinu 2016 var viðhaldi sundlaugar viðhaldið með reglubundnum hætti í góðri samvinnu við þjónustumiðstöð.

### Íþróttahús

Á árinu 2017 var verið að undirbúa stækkun á íþróttahúsinu og stefnt er að því að framkvæmdir hefjist í janúar 2018. Stækkunin felur einnig í sér hagræðingar innandyra, ásamt nýjum búningsklefum, stærri lyftingaraðstöðu, geymslurými er aukið, nýtt parket á handboltasalinn ásamt stækkun á fimleikasalnum sem var löngu tímabær. Allar deildir Gróttu njóta góðs af breytingunum fyrir utan betri starfsaðstæður fyrir starfsfólk og stjórnir. Síðast en ekki síst verður aðkomu að íþróttahúsinu gjörbreytt. Áætlaður framkvæmdatími er um 12 mánuðir og miðað við að ný aðstaða verði tekin í notkun í desember 2018 og breytingar á aðkomunni vorið 2019.

### Knattspyrnuvöllur

Suðurstrandavöllur hýsir glæsilega knattspyrnuaðstöðu með gervigrasvelli, stúku, fjórum búningsklefum ásamt félags- og skrifstofuaðstöðu. Mikil ánægja er með knattspyrnuaðstöðuna sem iðkendur geta nýtt sér nánast allt árið. Svæðið er fallett og til mikillar þrýði fyrir sveitarfélagið. Til knattspyrnuaðstöðunnar teljast einnig grasvöllurinn á Valhúsahæð sem nýbúið er að endurbæta með nýju yfirborði og og sparkvellir sem staðsettir eru við Lindarbraut og Mýrarhúsaskóla. Á árinu 2016 var skipt um yfirborð á gervigrasvellingnum og var mjög vandað til verksins og besta fánlega gras lagt í stað þess gamla. Á árinu 2017 var keypt fjórhjól með snjótönn og bursti til að jafna gúmmíð og geta vallarstarfsmenn því séð um ákveðna viðhaldspætti.

### Lykiltölur

Íþrótt og tómstundaráð Seltjarnarness:	2013	2014	2015	2016	2017
<b>Sundlaug</b>					
Heildarfjöldi sundlaugagesta	178.242	165.313	177.681	188.947	189.100
Fjöldi fullorðinna	61.378	56.183	52.675	57.664	51.747
Fjöldi aldraðra	9.998	9.355	11.884	12.616	12.524
Fjöldi barna 6- 18 ára aldurs	21.109	18.353	17.546	19.129	19.518
Öryrkjar	1.676	1.514	1.819	1.755	1.391
Gróttu	285	195	409	342	446
Skólar	11.700	13.500	15.300	15.300	15.383
Önnur aðsókn	1.376	1.874	1.836	3.138	2.868
Korthafar World Class í sund	70.720	64.339	76.212	79.003	85.223

## Fræðslusvið

### Skólaskrifstofa Seltjarnarness

Aðsetur: Skólaskrifstofa Seltjarnarness, Austurströnd 2

Sími: 5959 100 Bréfsími: 5959 101

Veffang: [www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is)

Vefpóstur: [postur@seltjarnarnes.is](mailto:postur@seltjarnarnes.is)

Afgreiðslutími: Mánud. – fimmtud. frá kl. 8:00 – 16:00.

Föstudaga frá kl. 8:00-14:00.

Fræðslustjóri: Baldur Pálsson

Fjöldi starfsfólks: 208

Fjöldi stöðugilda: 158,6

Skólaskrifstofa fer með yfirumsjón starfsemi leik-, grunn- og tónlistarskóla, frístundamiðstöðvar og daggæslu í heimahúsum, auk þess að sinna skólaþjónustu og forvarnarstarfi. Fræðslustjóri hefur umsjón með upplýsingagjöf fyrir skólanefnd, undirbúningi funda og ritun fundargerða, ásamt eftirfylgni við stefnumörkun og ákvarðanir nefndarinnar. Fræðslustjóri hefur yfirumsjón með fjárhagsáætlanagerð þeirra starfsstöðva sem tilheyra sviðinu í samráði við hlutaðeigandi stjórnendur. Skólaskrifstofa hefur auk þess umsjón með innritun barna til dagforeldra og í leik-, grunn- og tónlistarskóla, ásamt umsjón með skráningu nemenda bæði í grunn- og tónlistarskóla utan lögheimilissveitarfélags. Fræðslustjóri hefur yfirsýn yfir dagforeldra í bænum, veitir þeim ráðgjöf og starfsleyfi, auk þess að hafa eftirlit með því að starfsreglum sé framfylgt.

Stærsta verkefni skólaskrifstofu á hverjum tíma er að halda úti þeirri þjónustu sem hún sinnir ásamt eftirfylgni við fjárhagsáætlun Seltjarnarnesbæjar varðandi fræðslusvið. Meðal annarra verkefna skólaskrifstofu á árinu 2017 má nefna stofnun Frístundamiðstöðvar Seltjarnarness sem tók formlega til starfa frá 1. janúar 2017, en hún sameinar þjónustu sem veitt hefur verið af hálfu Fræðslusviðs og Íþrótt- og tómsstudasviðs bæjarins í frístundaheimilinu Skjóli/frístund, félagsmiðstöðinni Selinu, ungmennahúsinu Skelinni, Sumarskóla og á sumarnámskeiðum undir einni stjórn á fræðslusviði. Skólaskrifstofa hefur auk þess tekið virkan þátt í samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um símenntun leik- og grunnskólakennara.

### Daggæsla í heimahúsum

Við árslok 2017 voru starfandi tveir dagforeldrar á tveimur heimilum á Seltjarnarnesi. Hjá þeim dvelja að jafnaði allt að 10 börn, flest með lögheimili á Seltjarnarnesi. Dagforeldrar eru sjálfstæðir atvinnurekendur og starfa samkvæmt starfsleyfi og dvalarsamningum sem gerðir eru við foreldra/forráðamenn barnanna. Skólaskrifstofa Seltjarnarness veitir starfsleyfi til dagforeldra og sinnir lögbundnu eftirliti samkvæmt reglugerð félagsmálaráðuneytisins nr. 907/2005.

### Leikskóli Seltjarnarness

Suðurströnd 1 og 3 og Kirkjubraut 2

Símanúmer: 5959280 / 5959290 /6942648

Veffang: <http://www.leikskoli.seltjarnarnes.is>

Vefpóstur: [soffia@nesid.is](mailto:soffia@nesid.is) / [mandy@nesid.is](mailto:mandy@nesid.is)

Leikskólastjóri: Soffía Guðmundsdóttir

Aðstoðarleikskólastjóri: Margrét Gísladóttir

Fjöldi starfsmanna: 63

Fjöldi stöðugilda: 56,36

Leikskóli Seltjarnarness starfar samkvæmt lögum um leikskóla og reglugerðum þeim tengdum. Í skólanum eru 10 deildir í þremur starfsstöðvum, Mánabrekku og Sólbrekku við Suðurströnd og Holt í Seltjarnarneskirkju. Í skólanum er lögð áhersla á að börn fái tækifæri til að hjálpa sér sjálf eftir því sem þroski þeirra og geta leyfir og þau styrkt til sjálfshjálpar í öllum þáttum daglegs lífs. Leikurinn er hornsteinn leikskólustarfsins því samkvæmt hugmyndafræði leikskóla lærir barn mest og best í leik og samskiptum við börn og fullorðna í frjóu og skapandi umhverfi. Starfsfólk hefur sameinast um gildin jákvæðni, virðing og fagmennska sem eru höfð að leiðarljósi í daglegu starfi skólans.

## **Helstu verkefni 2017**

### **Tónlist**

Öll börn skólans njóta kennslu tónmenntakennara sem er mikilvæg viðbót við annað tónlistarstarf sem fram fer í skólanum. Tónlistarkennslan er samstarfsverkefni leikskólans við Tónlistarskóla Seltjarnarness. Á haustönn var ákveðið að efla tónlistarstarf skólans enn frekar með því að ráða annan tónlistarkennara til starfa.

### **Umhverfismennt**

Leikskólinn flaggar Grænfánanum sem er alþjóðleg viðurkenning fyrir starf að umhverfismennt og menntun til sjálfbærrar þróunar.

Virk umhverfisnefnd er starfandi við skólann sem ásamt eftirlitshópi elstu barnanna hefur það hlutverk að fylgjast með, viðhalda og benda á það sem betur má fara í umhverfismálum.

### **SMT – skólafærni**

Áhersla er lögð á SMT – skólafærni, en verkefnið gengur út á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun með því að kenna og þjálfá félagsfærni og gefa jákvæðri hegðun barna gaum með markvissum hætti. Leikskólinn hefur fengið viðurkenningu á því starfi og er nú sjálfstæður SMT – skóli.

### **Íþróttaskóli Gróttu**

Samstarfsverkefni leikskólans og Gróttu þar sem börnin fá kynningu og leiðsögn í þeim íþróttagreinum sem félagið býður upp á þ.e. handbolta, fótbolta og fimleikum.

### **Persónumöppur**

Í möppurnar fara fyrirfram ákveðin verkefni og skráningar sem fylgja börnunum á milli deilda og eru unnar í samvinnu barna, foreldra og leikskólakennara.

### **Hreyfiland**

Samstarfsverkefni við Hreyfiland sem er nú unnið með börnunum í Mánabrekku og Sólbrekku. Þar er lögð áhersla á að efla styrk, þol og almenna hreyfigetu barna í gegnum leik.

### Vinátta

Verkefnið er forvarnarverkefni gegn einelti fyrir leikskóla og er unnið í samstarfi við Barnaheill. Vinátta byggir á nýjustu rannsóknum á einelti og ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem skulu samofin öllu skólastarfi auk raunhæfra verkefna fyrir börn og starfsfólk.

### Hringekjan

Í Hringekju er boðið upp á mismunandi vinnustöðvar 2 x í viku. Unnið er með hreyfingu, útinám, listsköpun, jóga, sögugerð, umhverfismennt, vísindi, vináttu og tónlist. Öll börn í Sólbrekku taka þátt og fá tækifæri til þess að vinna á öllum vinnustöðvum og um leið að kynnast börnum og starfsfólki af öðrum deildum.

### Önnur verkefni:

- Leikskólinn er heimaskóli nema við menntavísindasvið HÍ sem felur í sér að sjá þeim fyrir æfingakennurum og vettvangstengingu meðan á námi stendur.
- Samstarf við Rannung um gerð og notkun námssagna í leikskólastarfi.
- Í samstarfi við nágrannasveitarfélögin í Kraganum er boðið upp á fjölbreytta fyrirlestra og námskeið fyrir alla sem starfa í leikskólanum.

### Lykiltölur

Leikskóli Seltjarnarness	2014	2015	2016	2017
Fjöldi nemenda	190	199	198	212
Nemendur 0 – 2 ára	57	67	66	54
Nemendur 2 – 6 ára	133	132	132	158
Hlutfall leiksk.nem. af íbúum Seltj.ness	4,3%	4,5%	4,4%	4,8%
Meðaldvalartími nemenda á dag í LS	8,2	8,2	8,1	8,1
Heildarfjöldi stöðugilda við LS	50,75	52,8	55,27	56,36
Stöðugildi leikskólakennara á launum	17,49	18,32	23,71	23,16
Hlutfall leikskólakennara í fullu starfi	59%	50%	54,8%	60,4%
Stöðug. starfsfólks með aðra fagmenntun	12,52	11,73	12,42	16,25
Fjöldi annars starfsfólks	20,74	23,5	19,4	16,95
Fjöldi stöðugilda í eldhúsi	3	3	3	3

## **Grunnskóli Seltjarnarness**

v/ Nesveg og v/ Skólabraut

Sími: 5959 200/5959 250

Bréfsími: 5959 201/5959 251

Veffang: [www.grunnskoli.is](http://www.grunnskoli.is)

Vefpóstur: [grunnskoli@grunnskoli.is](mailto:grunnskoli@grunnskoli.is)

Skólastjóri: Ólína Elín Thoroddsen

Aðstoðarskólastjórar: Helga Kristín Gunnarsdóttir og Þorgerður Anna Arnardóttir

Fjöldi starfsmanna: 99

Fjöldi stöðugilda: 78

Fjöldi nemenda: 530

Grunnskóli Seltjarnarness starfar skv. lögum um grunnskóla og reglugerðum þeim tengdum. Hann heyrir undir Fræðslusvið Seltjarnarnesbæjar. Skólinn er deildaskiptur grunnskóli : yngsta stig og miðstig (1.-6. bekkur) og unglingastig ( 7. – 10. bekkur ). Í Grunnskóla Seltjarnarness er nemandinn í brennidepli, líðan hans og þarfir. Í skólanum er lögð áhersla á að nemendur hafi gleði af námi í hvetjandi umhverfi sem virkjar frumkvæði þeirra, hugvit og sköpunargáfu. Einkunnarorð skólans eru virðing, ábyrgð og vellíðan og er lögð áhersla á að þau einkenni skólastarfið.

### **Helstu verkefni 2017**

#### **Símenntun**

Innleiðing á nýju námsmati samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla tók mikinn tíma á þessu ári. Það fór fram mikil vinna kennara og samstarf varðandi þennan þátt skólastarfs. Mentor kom með nýja útgáfu sem kallaði á námskeið fyrir alla. Báðar þessar breytingar tóku mikinn tíma og var því ákveðið að vera ekki með aðra símenntun í gangi. Önnur verkefni sem haldið var áfram að vinna með voru innleiðing spjaldtölva í kennslu, smiðjur í byrjendalæsi auk ýmissa valinna verkefna kennara og starfsfólks. Starfsfólk sótti ýmis námskeið að eigin vali sem tilheyra sérsviði hvers og eins.

#### **Mat á skólastarfi**

Allar skýrslur sem lúta að mati á skólastarfi má finna á vef skólans.

<http://grunnskoli.seltjarnarnes.is/skolinn/mat-a-skolastarfi/>.

#### **Þróunarverkefni**

Helstu þróunarverkefni skólans eru Læsi til náms, innleiðing aðalnámskrár, vinna við nýtt námsmat, innleiðing spjaldtölva í kennslu, þemakennsla á unglingastigi o.fl. Auk þess er áfram unnið með Uppbyggingarstefnuna og að festa byrjendalæsi í sessi

#### **Önnur verkefni:**

- Skólapúlsinn mælir átta sinnum á ári líðan nemenda o.fl. (hluti af sjálfsmati skólans)
- Símenntunaráætlun birt á vefsíðu skólans.
- Handbók foreldra var uppfærð og birt á vefsíðu skólans.
- Skólanámskrá og kennsluáætlanir voru birtar á vefsíðu skólans.
- Unnið var eftir samstarfssamningi um kennaranema við Menntavísindasvið HÍ.

- Skólaráð hóf sitt tíunda starfsár haustið 2017.

#### Lykiltölur

<b>Grunnskóli Seltjarnarness:</b>	<b>2014</b>	<b>2015</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>
Fjöldi nemenda	504	502	508	530
Nemendur á yngsta stigi	201*	212*	212*	228*
Nemendur á miðstigi	147**	146**	146**	147**
Nemendur á unglíngastigi	156***	144***	144***	155***
Heildarfjöldi stöðugilda við GS	86,5	86	84	78
Stöðugildi grunnskólakennara á launum	50,5	47,5	46,8	46,8
Stöðug. starfsfólks með aðra fagmenntun	10	11	10,8	10,8
Fjöldi stöðugilda annars starfsfólks	26	27,5	26,4	23
Hlutfall grunnskólakennara í fullu starfi	73%	80,5%	79%	83%



## Tónlistarskóli Seltjarnarness

v/Skólabraut

Sími: 5959 235

Veffang: [www.tonlistarskoli.seltjarnarnes.is](http://www.tonlistarskoli.seltjarnarnes.is)

Skólastjóri: Kári Húnfjörð Einarsson

Aðstoðarskólastjóri: Guðjón Steinar Þorláksson

Fjöldi starfsmanna: 25

Fjöldi stöðugilda: 13,60

Heildarfjöldi nemenda: 277

Fjöldi nemenda í einkanámi: 181

Skólinn hefur frá stofnun sinnt almennri tónlistarmenntun Seltirninga með áherslu á grunnskólaaldur.

### Helstu verkefni 2017

#### Tónleikar

Tónleikar skólans voru með hefðbundnum hætti eða á þriggja vikna fresti í sal skólans. Einnig hefur skapast sú hefð að vera með svokallaða þematónleika á haustönn sem hafa mælst vel fyrir. Þemað hefur verið mjög mismunandi allt frá því að vera tónlist eftir einhvern einn höfund í það að allt sé spilað í  $\frac{3}{4}$  (vals). Skólinn hefur einnig staðið fyrir samspilstónleikum á vorönn þar sem einungis er um samspil nemenda að ræða. Ýmsar hljómsveitir hafa sprottið upp úr því og hópar sem hafa haldið áfram að vinna saman. Vortónleikar skólans voru í Seltjarnarneskirkju sem og jólatónleikar skólans. Samkvæmt venju voru tónleikar lúðrasveitanna haldnir í Seltjarnarneskirkju á vorönn.

Hljóðfærakynning fyrir forskólanemendur og foreldra var haldin í marsmánuði og þar svöruðu kennarar fyrirspurnum varðandi hljóðfæranám. Dagur Tónlistarskólanna var haldin hátíðlegur sem og endra nær með tónlist í báðum sölum okkar og kaffisamsæti á kennarastofu.

Blokkflautukennsla var með sama hætti og sl. ár þannig að allur 2. bekkur var tekin á stundartöflu grunnskólans til kennslu í tónlistarskólanum. Þetta er verkefni til tveggja ára og er í boði bæjarins þannig að nú er bæði forskóli eitt og tvö foreldrum að kostnaðarlausu. Frábært framtak sem komið er til að vera.

Skólinn sendi píanista til þátttöku í “Nótuna” og skemst er frá því að fulltrúi skólans stóð sig með stakri þrífri.

Skólaúðrasveit Seltjarnarness hélt uppá 50 ára afmæli sitt með hátíðardagskrá og kaffisamsæti í Seltjarnarneskirkju. Margir af eldri félögum hljómsveitarinnar, sem eru orðnir atvinnumenn í tónlist í dag, komu og spiluðu nokkur vel valin lög við frábærar undirtektir. Undirbúningur er hafinn að Ítalíuferð í tilefni afmælisins og þótt hljómsveitin hafi víða farið, þá aldrei á þessar slóðir.

Nýtt svið var sett upp í tónleikasal skólans á vorönninni og var salurinn þá færður í það horf sem gert var ráð fyrir í upprunalegri hönnun hans m.t.t. hljómburðar og skipan áheyrendastæða.

### Tónstafir

Áframhald varð á samstarfi Tónlistarskólans og Bókasafns Seltjarnarness. Tónleikaröðin „Tónstafir“ gekk eins og undanfarin ár og tónleikar voru haldnir mánaðarlega á skólaárinu á Bókasafni Seltjarnarness.

### Hljómsveitir

Frá hausti 2017 voru starfræktar tvær aldursskiptar lúðrasveitir við skólann. Eldri sveitin fór í æfingabúðir bæði á vorönn og haustönn og æfði upp tónleikaprógram. Yngri sveitin fór ekki í æfingabúðir en stefnir á landsmót SÍSL að vori. Strengjasveit var starfandi innan skólans, á skólaárinu. Auk áður upptalinna hljómsveita voru starfandi nokkrar popp- og jasshljómsveitir sem komu fram reglulega á skólaárinu, jafnt innan skóla sem utan. Til að mynda voru haldnir popptónleikar í Félagsheimilinu sem þóttu takast mjög vel og verður vonandi framhald á því.

### Próf

Allir nemendur skólans taka vorpróf. Þegar nemandi hefur lokið ákveðnum áfanga í tónlistarnáminu gefst honum kostur á að þreyta áfangapróf á hljóðfæri.

Átta nemendur luku grunnprófi, fimm nemendur tóku miðpróf, fimm nemendur luku miðprófi í tónfræðigreinum.

### Lykiltölur

Tónlistarskóli Seltjarnarness:	2014	2015	2016	2017
Fjöldi nemenda með blokkflautu	211	205	241	247
Fjöldi nemenda í grunnnámi	173	183	215	216
Fjöldi nemenda í miðnámi	30	16	17	15
Fjöldi nemenda í framhaldsnámi	8	8	9	9
Fjöldi nemenda í lúðrasveitum skólans	57	29	26	36
Fjöldi kennara	24	24	23	24
Fjöldi stöðugilda	13,28	13,37	13,35	13,60
Ritari skólans	1	1	1	1

### Frístundamiðstöð Seltjarnarness

v/Suðurströnd.

Veffang: [www.selið.is](http://www.selið.is)

Vefpóstur: [margrets@seltjarnarnes.is](mailto:margrets@seltjarnarnes.is)

Sími: Selið 5959 178 Skjólíð 5959 221

Yfirmaður Frístundamiðstöðvar: Margrét Sigurðardóttir, æskulýðs- og tómstundafulltrúi

Forstöðumaður barnastarfs: Hólmfríður Petersen

Forstöðumaður unglingastarfs Guðmundur Ari Sigurjónsson

Fjöldi starfsmanna: 20

Fjöldi stöðugilda: 9,5

Frístundamiðstöð Seltjarnarnesbæjar tók formlega til starfa frá 1. janúar 2017 og sameinar hún þjónustu sem veitt hefur verið af hálfu fræðsluviðs og ÍTS í frístundaheimilinu Skjólí/frístund, félagsmiðstöðinni Selinu, ungmennahúsinu Skelinni, Sumarskóla og á sumarnámskeiðum. Markmið frístundamiðstöðvar er að standa fyrir fjölbreyttu frístundastarfi fyrir börn, frá 6 ára aldri, og ungmenni. Þjónusta frístundamiðstöðvar miðar við heildstætt tilboð árið um kring, sem einfalda skal foreldrum skráningu og fyrirbyggja rof í þjónustu.

## **Helstu verkefni 2017**

### **Frístundaheimilið Skjól/frístund**

Skjól/frístund er fyrir börn í 1.-4. bekk eftir að skóla lýkur á daginn. Boðið er upp á fjölbreytt starf í frístundavali og verkefnum. Lögð er áhersla á að efla samskipti og félagsþroska barna í heimilislegu umhverfi.

**Sumarskóli** frístundamiðstöðvarinnar, er starfræktur í ágústmánuði og er fyrir börn sem eru að ljúka leikskólagöngu og hefja nám í 1. bekk grunnskóla.

### **Félagsmiðstöðin Selið**

Aðalstarfsemi félagsmiðstöðvarinnar er yfir vetrartímann. Er þá megináherslan lögð á tómstundastarf unglunga s.s. böll, klúbbastarf, námskeið, fyrirlestra, forvarnarstarf, ferðalög og fleira. Selið er aðallega opið unglingum frá aldrinum 13-16 ára þ.e. 8., 9. og 10. bekk, en þó taka yngri börn líka þátt í starfinu að einhverju leyti. 7. bekkur hefur fastan tíma einu sinni í viku, en Selið hefur alfarið umsjón með félagslífi nemenda í Valhúsaskóla.

### **Grunnskólinn og Selið**

Samvinna skólans og Selsins er mjög góð. Búið er að sameina skíðaferðalög Valhúsaskóla og Selsins. Þá fer starfsfólk frá báðum stofnunum í ferðalögin og sami háttur var hafður á með vorferð 10. bekkjar. Starfsmaður Selsins kennir valáfangann félagsmálafræði fyrir 8., 9. og 10. bekk í skólanum. Eins og undanfarin ár var samstarf milli foreldrafélags Valhúsaskóla og Selsins en þá var unnið að nokkrum samstarfsverkefnum og má þar nefna lokaball Valhúsaskóla.

### **Önnur starfsemi Selsins**

Ýmsir félagahópar á vegum Seltjarnarnesbæjar hafa fengið að nýta sér húsnæði Selsins til fundahalda eða skemmtana. Bekkjarkvöld voru haldin í Selinu auk barnaafmæla. Eldri borgarar

hafa nýtt sér aðstöðu Selsins til þess að koma saman og spila billiard og eins hafa hópar utan af landi fengið að gista í félagsmiðstöðinni.

### **Ungmennahúsið Skelin**

Ungmennahúsið Skelin er staðsett í sama húsnæði og Selið í hinum enda kjallarans, inngangur á vesturhlið húss. Þar fer fram starf fyrir 16 ára og eldri og er Ungmennaráðið með aðstöðu þar. Skelin er opin á miðvikudags- og fimmtudagskvöldum. Eins er ungmennum velkomið að vinna þar að ýmsum verkefnum fyrir utan formlegan opnunartíma.

### **Ungmennaráð Seltjarnarness**

Ungmennaráð Seltjarnarness er á sínu níunda starfsári. Ungmennaráðið fundar alltaf aðra hverja viku og oftar í kringum verkefni og viðburði.

Ungmennaráðið hélt ýmsa viðburði fyrir sína jafnaldra s.s fræðslukvöld, jólakaffihús og margt fleira. Eins eru þau í góðu samstarfi við eldri borgara og héldu Nikkuball í áttunda sinn í sumar fyrir þennan aldurshóp, einnig sjá þau um mánaðarlega viðburði fyrir eldri borgara í Selinu. Ungmennaráð Seltjarnarness fundaði með bæjarstjórn Seltjarnarness um málefni ungs fólks. Ungmennaráðið á áheyrnarfulltrúa sem sitja í nefndum og ráðum bæjarins.

### **Alþjóðlegt samstarf ungmennaráðs**

Ungmennaráð Seltjarnarness undirbjó samstarfsverkefni með ungmennaráð Viimsi í Eistlandi. Ungmennaráðið sótti um Erasmus+ styrk fyrir heimsókn til Eistlands sumarið 2018 og fékk honum úthlutað.

### **Öskudagur**

Öskudagsskemmtun er samvinnuverkefni á fræðsluviði. Framkvæmdaaðilar eru Grunnskóli Seltjarnarness, félagsmiðstöðin Selið og foreldrafélagið. Haldnar voru tvær skemmtanir í Mýrarhúsaskóla fyrir 1.-3.bekk og 4.-6. bekk sem heppnuðust mjög vel.

### **Sumarnámskeið**

Selið sér um sumarnámskeið fyrir börn á aldrinum 6 - 12 ára. Námskeið sem börnunum stóð til boða voru leikja-ævintýra- og survivornámskeið. Einnig var starfræktur smíðavöllur í samstarfi við garðyrkjustjóra Seltjarnarness.

### **Selið og Vinnuskólinn**

Hver vinnuflokkur fékk jafningjafræðslu. Tvö ungmenni af Seltjarnarnesi eru í hópi jafningjafræðara Hins Hússins og sjá þau um fræðsluna á Seltjarnarnesi undir handleiðslu starfsmanna Selsins.

### **Sumarnámskeið og tómstundir eldri borgara**

Ungmenni á aldrinum 18- 20 ára sjá um kennslu og héldu utan um sjallsíma og tölvunámskeið fyrir eldri borgara á Seltjarnarnesi ásamt því að sjá um ýmsa tómstundadagskrá með eldri borgurum yfir sumartímann.

### **Lykiltölur**

<b>Frístundamiðstöð Seltjarnarness</b>	<b>2015</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>
<b>Frístundaheimilið Skjólíð</b>			
Nemendur í Skjóli/frístund (1. – 4. bekkur)	160	160	160
Meðaldvalartími nem. á dag	2,5 klst.	2,5 klst.	2,5 Klst.

<b>Félagsmiðstöðin Selið</b>			
Heildarfjöldi heimsókna	9.815	9.923	9.753
<b>Sumarnámskeið Selsins:</b>			
Fjöldi barna skráð á leikjanámskeiðum	171	133	167
Fjöldi barna skráð á ævintýranámskeiðum	42	42	52
Fjöldi barna skráð á Survivor-námskeiðum	40	45	42
Fjöldi barna skrá á Smíðavalla - námskeið	49	71	31
Heildarfjöldi á sumarnámskeiðum Selsins	302	291	292

## **Menningar- og samskiptasvið**

Aðsetur: Bæjarskrifstofa Seltjarnarness, Austurströnd 2

Sími: 5959 100 Bréfsími: 5959 101

Veffang: [www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is)

Vefpóstur: [maria.b.oskarsdottir@seltjarnarnes.is](mailto:maria.b.oskarsdottir@seltjarnarnes.is)

Afgreiðslutími: Mánud. – fimmtud. kl. 8:00 – 16:00 og föstudaga kl. 8:00-14:00.

Sviðsstjóri: María Björk Óskarsdóttir

Fjöldi starfsfólks: 8

Fjöldi stöðugilda: 6,5

Undir meginábyrgð sviðsins falla annars vegar menningarmál bæjarins og hins vegar samskipta- og almannatengsl. Undir fyrri liðinn falla rekstur Bókasafns Seltjarnarness, reglubundnir menningarviðburðir, samræming og innleiðing á menningartengdri starfsemi og hátíðarhöldum bæjarins auk framkvæmdar á ákvörðunum menningarnefndar. Einnig ábyrgð á Náttúrugripasafni Seltjarnarness, skráningu listaverka, ljósmyndasafni, Fræðasetri Gróttu og söfnum á Seltjarnarnesi auk málefna ferðapjónustu. Undir síðari liðinn falla umsjón með heimasíðum og samskiptasíðum Seltjarnarness og Bókasafnsins, miðlun fréttu úr bæjarfélaginu, útgáfu kynningarrita fyrir bæjarfélagið, kynningarmál og samskipti við fjölmiðla, félagasamtök, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga.

### **Viðburðir 2017:**

#### **Bæjarlistamaður Seltjarnarness**

Nína Dögg Filippusdóttir, leikkona var tilnefnd Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2017 við hátíðlega athöfn á Bókasafni Seltjarnarness föstudaginn 20. janúar. Nína Dögg ánafnaði verðlaunfé sínu til eflingar á skapandi starfi fyrir ungmenni á Seltjarnarnesi með áherslu á sviðslistir. Nína Dögg er 21. Bæjarlistamaður Seltjarnarness.

#### **Fjölskyldudagur í Gróttu**

Fjölbreytt dagskrá var í boði og var Gróttuviti eitt helsta aðdráttaraflíð sem endranær. Inni í vitanum lék tréblásarakvartett frá Tónlistarskóla Seltjarnarness líflega balkantónlist. Í vitavarðarhúsinu var sett upp hönnunarsýningin Flæði en sýningarstjórn var í höndum Sigríðar Hjaltdal Pálsdóttur. Á sýningunni gat að líta hönnun eftir Bybibí, Dögg design, Vík Þrjónsdóttur, Gullsmiðina Erling og Helgu Ósk, HAF studio, Halldór Hjálmarsson og Telmu Magnúsdóttur - Skötu og Varpið, en hönnun þeirra allra tengist á einn eða annan hátt hafinu og lífríki sjávarins. Í Albertsbúð var sumri fagnað með stuttri hugvekju, vorsöngvum og harmonikkuleik. Útjóra með Ragnheiði Ýr Grétarsdóttur, flugdrekasmiðja með Ágústu Nielsen og andlitsmálun. Þorkell Heiðarsson líffræðingur og sviðsstjóri Fjölskyldu- og húsdýragarðsins aðstoðaði gesti við að rannsaka lífríkið úr fjörunni við Gróttu. Valgeir Guðjónsson flutti vel valin lög í Fræðasetrinu og harmonikkuleikarinn Bjarki Harðarson þandi nikkuna undir berum himni. Vöflukaffi var á sanngjörnu verði sem Soroptimistar á Seltjarnarnesi sáu um. Klifurmeistarar úr Klifurhúsinu klifu niður Gróttuvita og félagar úr Björgunarsveitinni Ársæli sáu um að ferja gesti yfir eiðið. Um 600 manns sóttu hátíðina.

## 17. júní hátíðahöld

17. júní hátíðarhöldin fóru fram í fimmta sinn í Bakkagarði. Lárus Guðjónsson eða Lalli töframaður bæði skemmti og stýrði hátíðarhöldunum en auk hans komu fram Lúðrasveit Seltjarnarness, ævintýrapersónurnar Dóra og Númenór úr Fjarskalandi, sem Snæfríður Ingvarsdóttir og Hallgrímur Ólafsson léku. Daði og Gagnamagnið, Svala og rapparinn Úlfur Úlfur sló botninn í dagskrá hátíðardagsins. Hátíðarræðu flutti Sjöfn Þórðardóttir formaður menningarnefndar. Fjallkonan var Eva María Jónsdóttir og flutti hún ljóðið Söngur eftir Sigurð Pálsson. Öll afþreying á svæðinu var gjaldfrjáls en í boði voru vatnaboltar, loftboltar, hestateymingar, hoppukastalar, risarennibraut, völundarhús, andlitsmálun og fleira auk þess sem trúðar og stultufólk spókaði sig á meðal þjóðhátíðargestanna. Fjölbreytt veitinga- og vöruúrval var í sölutjöldum á svæðinu í umsjón íþróttá- og félagasamtaka. Riflega 2000 manns sóttu hátíðina.

## Jónsmessuganga

Riflega 100 manns tóku þátt í Jónsmessugöngu á Seltjarnarnesi fimmtudaginn 21. Júní en meginþemað var ferðalag jarðar um sólina og samtali við jurtir. Safnast var saman við hákarlahjallinn þar sem gestum var boðið að reka inn nefið og gæða sér á hákarli úr hjallinum í boði Sigurðar Jóhannessonar. Gengið var frá Hákarlahjalli í vestur og að Urtagarðinum í Nesi og var það enginn annar en stjörnufræðingurinn mikli Sævar Helgi Bragason sem leiddi gönguna og fræddi gesti um sólina og sólstöður á leiðinni. Í Nesstofu bauð Sigríður Nanna Gunnarsdóttir sýningarstjóri gestum í leiðsögn um myndlistarsýninguna *List Officinalis* þar sem leitast var við að varpa ljósi á sögu þessa merka húss, lækningar, lyf og Urtagarðinn á forvitnilegan hátt í gegnum verk sjö listamanna. Við Urtagarðinn tók Lilja Sigrún Jónsdóttir læknir og formaður stjórnar Urtagarðsins á móti gestum og fræddi um lækningamátt þeirra jurta sem þar er að finna. Uppi á þaki Lækningaminjasafnsins var tekið á móti Jónsmessugestum með þjóðlegum veitingum í boði Hitaveitu Seltjarnarness, heitu kakói, flatkökum með hangiketi, kleinum og Stroh út í kakóið. Á þakinu var ennfremur boðið upp á sólarskoðun með Sævari þar sem sólin var skoðuð í gegnum sérstaka sólarsjónauka. Kammerkór Seltjarnarness flutti þar nokkur lög ásamt stjórnanda sínum, organistanum og harmonikkuleikaranum Friðriki Vigni Stefánssyni. Þau stýrðu einnig fjöldasöng. Húlladúllan lék listir sínar í eldglæringum í líkingu sólarinnar.

## Bæjarhátíð Seltirninga

Menningarsviðið lagði hönd á plóg við viðburði, skipulagningu og kynningu á Bæjarhátíð Seltirninga sem fram fór 25.-27. ágúst, en skipulag hátíðarinnar var í höndum Sjafnar Þórðardóttur. Þetta var í fjórða sinn sem bæjarhátíðin var haldin og var fjölbreytt dagskrá í boði alla helgina. Hverfi bæjarins voru aðgreind með litum og sá hvert hverfi um sína dagskrá. Brekkusöngur var í Plútóbrekku á föstudagskvöldinu og eitt stórt „hverfagrill“ var haldið á Vallarbrautarróló á laugardagskvöldinu. Nánari upplýsingar um hátíðina er að finna hér: <http://www.seltjarnarnes.is/frettirogutgefidefni/frettir/nr/10320>

## MENNINGARHÁTÍÐ SELTJARNARNESS 12.10.17 - 15.10.17

Menningarhátíð Seltjarnarness fór í gang með stæl fimmtudaginn 12. október, með sýningaropnunum í Gallerí Gróttu og á Bókasafni Seltjarnarness. Hátíðin stóð fram á sunnudag með margvíslegum viðburðum þar sem allir bæjarbúar gátu fundið eitthvað við sitt

hæfi. Einn af hápunktum hátíðarinnar voru tónleikar Péturs Ben og Lay Low í Félagsheimilinu, laugardagskvöldið 14. október. Aðrir skemmtilegir viðburðir voru fyrir alla fjölskylduna, meðal annars opnun á nýendurbættu aðgengi stjörnusjónaukans í Valhúsaskóla á fimmtudeginum og morgunverðarboð fyrir alla Seltirninga á Eiðistorgi á laugardagsmorgni með tónlist, andlitsmálun og blöðrum. Á laugardeginum var nýafstöðnum breytingum í barnadeild bókasafnsins fagnað með Ævari Þór Benediktssyni og DJ flugvél og geimskip. Í Lækningaminjasafninu var Fuglakabarett Daníels Þorsteinssonar og Hjörleifs Hjartarsonar fluttur af Söngfjlaginu undir stjórn Hilmars Arnar Agnarssonar. Á sunnudeginum, síðasta degi Menningarhátíðar, var farið í listgöngu um Nesið með listfræðingnum Aðalsteini Ingólfssyni, heiðursdagskrá um rithöfundinn Jóhönnu Kristjónsdóttur sem lést á árinu fór fram í Félagsheimilinu og lauk hátíðinni með Improv Való og Improv Ísland um kvöldið.

Undirbúningur menningarhátíðar var í fyrstu í höndum þáverandi sviðsstjóra menningar- og samskiptasviðs, Soffíu Karlsdóttur. Þegar leið að hátíðinni var tekin ákvörðun um að ráða sérstakan verkefnastjóra, Elísabetu Maríu Hafsteinsdóttur til að annast framkvæmdina á lokametrunum. Einnig var ákveðið að fá nokkra mismunandi verkefnastjóra til að halda utan um einstaka viðburði.

Verkefnastjórar einstakra viðburða voru eftirfarandi:

1. Heiðursdagskrá um Jóhönnu Kristjónsdóttur - Sólveig Pálsdóttir rithöfundur og henni til aðstoðar Kristín Arnþórsdóttir upplýsingafræðingur og menningarmiðlari.
2. Morgunverður á Eiðistorgi í umsjá Soroptimistaklúbbs Seltjarnarness - Sjöfn Þórðardóttir þáverandi formaður Soroptimistaklúbbsins.
3. Improv Iceland – Nína Dögg Filippusdóttir bæjarlistamaður Seltjarnarness 2017.
4. Viðburðir á Bókasafni – Kristín Arnþórsdóttir upplýsingafræðingur og menningarmiðlari á Bókasafni Seltjarnarness.
5. Myndlistarsýning í Gallerí Gróttu - Sigríður Nanna Gunnarsdóttir sýningarstjóri.

### **Fornleifauppgröftur**

Samningur milli Námsbrautar í fornleifafræði við Háskóla Íslands og Seltjarnarneskaupstaðar var endurnýjaður, en í honum felst samkomulag um sköpun kennsluvettvangs fyrir fornleifafræðirannsóknir á safnasvæði í landi Ness á Seltjarnarnesi. Fornleifauppgröfturinn fór nú fram í fimmta sinn á tímabilinu 8. maí – 2. júní norðan megin við nýja safnhúsið.

### **Nesstofa – List Officinalis**

Sumarsýning Nesstofu var myndlistarsýningin List Officinalis – Samtal myndlistar við Urtagarðinn í Nesi þar sem leitast var við að varpa ljósi á sögu þessa merka húss, lækningar, lyf og Urtagarðinn á forvitnilegan hátt í gegnum verk sjö listamanna. Yfirskrift sýningarinnar vísar til plöntuheita og flokkunarkerfis *Carolus Linnaeus* þar sem officinalis er seinna nafn margra opinberra lækninajurta en listaverkin áttu það sameiginlegt að tengjast jurtum á einn eða annan hátt. Listamennirnir sem áttu verk á sýningunni voru þau Alex Fretin, Birgir Andrússon, Vlara Bro Uerkvitz, Eggert Pétursson, Ingibjörg Birgisdóttir, Rósa Sigrún Jónsdóttir, Sara Riel og Steinunn Önnudóttir. Sýningin var unnin á vegum Seltjarnarnesbæjar í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands. Sýningarstjóri var Sigríður Nanna Gunnarsdóttir. Sýningin stóð frá 7. Júní til 27. ágúst og var opin alla daga nema mánudaga frá kl. 12-17.



Seltjarnarnesbær réði sumarstarfsmenn til yfirsetu á henni. Þeir sáu um leiðsögn um sýninguna og Urtagarðinn í Nesi auk þess að halda safnasvæðinu snyrtilegu.

### Áramótabrenna

Áramótabrennan var haldin á vegum sviðsins en starfsmenn áhaldahússins stóðu fyrir framkvæmd hennar. Um 2000 manns fögnuðu við brennuna við söng og harmonikkuleik Hermanns Arasonar.

### Menningarstyrkir

Menningarnefnd Seltjarnarness styrkti eftirfarandi menningarviðburði árið 2017: Seltjarnarnesbær fagnaði opnun Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og studdi við starfsemina með fjárframlagi að upphæð 110.000 kr. sem var samsvarandi framlagi Reykjavíkurborgar miðað við höfðatölu íbúa. **ATH annað?**

### Fræðasetrið í Gróttu

Starfsemi Fræðasetursins í Gróttu var með hefðbundnum hætti árið 2017. Ýmsir nemendahópar sóttu Gróttu heim og dvöldu þar um lengri eða skemmri tíma undir leiðsögn kennara eða foreldra. Góð aðstaða er í húsinu til að taka á móti hópum og ýmis búnaður til kennslu, rannsókna, verkefnavinnu, vettvangsferða, funda og veisluhalda. Upplýsingar um Fræðasetrið er að finna á heimasíðu bæjarins og þar er einnig að finna flóðatöflur sem veita upplýsingar um hvenær er hægt að komast út í Gróttu.

### Lykiltölur

Fræðasetrið í Gróttu	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Fjöldi gistinátta í Gróttu	39	23	11	17	14	14
Heimsóknir skólahópa	13	4	6	4	5	11
Veislur, fundir og aðrar upptakomur	10	16	6	2	8	9
Fjöldi leigudaga á húsnaði Gróttu		58	33	23	30	34

### Bókasafn Seltjarnarness

Eiðistorgi 11, 2.hæð

Sími: 5959 170

Veffang: [www.seltjarnarnes.is/bokasafn](http://www.seltjarnarnes.is/bokasafn)

Opið mánud.-fimmtud. 10-19 og föstud. 10-17 og laugardaga 11-14.

Vefpóstur: [bokasafn@seltjarnarnes.is](mailto:bokasafn@seltjarnarnes.is)

Forstöðu safnsins veitir: María Björk Óskarsdóttir

Fjöldi starfsmanna: 8 og fjöldi stöðugilda: 6,5

Bókasafn Seltjarnarness er menningar-, mennta- og upplýsingastofnun. Meginmarkmið safnsins er að efla lýðræði, jafnrétti, athafnafrelsi og velferð borgaranna. Þjónustan skal ná til

allra, án tillits til aldurs, kynferðis, kynþáttar, stjórnmalaskoðana, trúarbragða, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu. Það skal leitast við að jafna aðgang að upplýsingum, þekkingu og afþreyingu og standa vörð um íslenska tungu, bókmenntir og menningararf og hvetja til lesturs, náms og símenntunar. Bókasafnið er með virkt samstarf við stofnanir bæjarins og tekur reglulega á móti hópum úr leikskóla og grunnskóla Seltjarnarness. Einnig átti safnið í góðu samstarfi við nágrannasveitarfélögin um útlán, símenntun og menningarstarfsemi.

Starfsemi Bókasafns Seltjarnarness var með hefðbundnu sniði árið 2017. Fjöldi titla jókst um tæp 3,5% á milli ára og eintakafjöldi jókst um rúm 3%. Fjöldi skírteinishafa hækkaði um 4,2 % en þrátt fyrir það drógust útlán saman um rúmlega 4%, sem er í takti við útlánstölur á landsvísi. Samdrátturinn er þó töluvert minni en árinu áður sem var um 8,3%. Þrátt fyrir að útlánstölum fækki þá er áberandi mikil aukning gesta á safninu.

### **Helstu verkefni 2017**

Helstu verkefni Bókasafns Seltjarnarness árið 2017 utan hefðbundinnar starfsemi fólust í skipulagningu á fjölbreyttu menningar- og félagsstarfi fyrir bæjarbúa og aðra gesti Bókasafnsins. Megináhersla í starfsemi Bókasafnsins árið 2017 voru viðburðir og dagskrá fyrir safnnotendur. Lögð var áhersla á áhugaverða og fræðandi fyrirlestra s.s. um matargerð ýmiskonar, ræktun ofl., bókmenntakvöld með rithöfundum, leiðsagnir um yfirstandandi sýningar í Gallerí Gróttu. Gert var átak í framsetningu bóka og kynninga á þeimum hverju sinni.

### **Valóspjall**

Bókasafn Seltjarnarness bauð nemendum í Valhúsaskóla á námskeið með Jóhönnu Maríu Einarsdóttur rithöfundi og myndlistarmanni.

### **Gallerí Gróttu**

Sýningarárið í Gallerí Gróttu hófst með sýningu myndlistarkonunnar Önnu Júlíu Friðbjörnsdóttur. Alls voru sýningar í Gallerí Gróttu 8 talsins. Sýningar eða sýnendur auk Önnu Júlíu voru þau Stefán Boulter, hópur 11 samtímahönnuða (sex skoskir og fimm íslenskir) í tengslum við Hönnunarmars, farandsýningin „Þetta vilja börnin sjá“ með myndskreytingum úr íslenskum barnabókum, Aðalheiður Valgeirsdóttir, IYFAC myndlistarhópur á vegum Höllu Birgisdóttur, Ragnheiðar Hörpu Leifsdóttur, Ragnheiðar Maísól Sturludóttur, Sigrúnar Hlínar Sigurðardóttur og Steinunnar Lilju Emilsdóttur. Sýning á verkum Þorvaldar Skúlasonar í tilefni af menningarhátíð Seltjarnarnesbæjar og Guðrún Einarsdóttir myndlistarkona lauk svo sýningarárinu í Gallerí Gróttu.

### **Tónstafir**

Sex tónleikar voru haldnir á árinu undir heitinu Tónstafir en um samstarfsverkefni Bókasafnsins og Tónlistarskóla Seltjarnarness er að ræða. Á Tónstöfum vetrarins komu fram fimmtíu blokkflautuleikarar frá Tónlistarskóla Seltjarnarness undir stjórn Kára Húnfjörð sem létu ljós sitt skína. Jóhann Helgason, Auður Hafsteinsdóttir, Jón Óskar Jónsson og Helgi Rúnar Heiðarsson, Þorsteinn Sæmundsson og jólatónstafir með Skólalúðrasveitinni.

## **Bókmenntakvöld**

Fundir Bókmenntafélagsins voru alla jafna haldnir fyrsta þriðjudag í mánuði yfir vetrartímann í sjö skipti alls. Þar voru ólík bókmenntaverk rædd og krufin til mergjar ásamt höfundum og fleiri aðilum t.d. Sóley Eiríksdóttir, Sigríður Hagalín, Vigdís Grímsdóttir, Pétur Gunnarsson, Brynja Cortes, Ásdís Halla Bragadóttir og Jón Sigurður Eyjólfsson.

## **Sögustund**

Opnar sögustundir fyrir yngstu gestina voru haldnar átta sinnum yfir vetrarmánuðina og eiga þær sinn dygga aðdáendahóp. Einnig voru eins og síðustu ár sögustundir fyrir leikskóla haldnar einu sinni í viku og tveir hópar í senn, voru þær vel sóttar. Sögustundir fyrir leikskóla er samstarfsverkefni Bókasafns Seltjarnarness og Leikskóla Seltjarnarness.

## **Sumarlestur**

Frábær þátttaka var í sumarlestri Bókasafns Seltjarnarness og var efnt til uppskeruhátíðar þann 12. september þar sem öll börn voru boðin velkomin, afhent voru verðlaun og viðurkenningar veittar fyrir þátttöku og árangur. Rithöfundurinn og stjórnufræðingurinn mikli Sævar Helgi Bragason spjallaði við börnin og las upp úr bók sinni Stjörnuskoðun fyrir alla fjölskylduna.

## **Safnanótt**

Safnanótt fór fram þann 3. febrúar og skartaði fjölbreyttri dagskrá þar sem draugar voru meginþemað. Boðið var upp á draugasögur í myrkrinu og farið í draugaleiki í dimmum draugahelli þar sem draugar sveima allt um kring, vitasmiðji og draugagrímur. Sýnt var einstakt myndskreið eftir Þránd Thoroddsen um störf Alberts Þorvarðarsonar síðasta vitavarðar í Gróttu. Leikkonan Arndís Hrönn Egilsdóttir sagði draugasögur Alberts. Blokkflautugengið hans Kára létu ljós sitt skína. Leiðsögn var í Gallerí Gróttu þar sem Anna Júlía Friðbjörnsdóttur sagði frá sýningu sinni. Kvartettinn Kurr kom fram með þekktu jass-standarda í flutningi Völu Guðna söngkonu ásamt, Helgu Laufeyju Finnbogadóttur píanóleikara, Guðjóni Steinari Þorlákssyni kontrabassaleikara og Erik Qvick trommuleikara.

## **Hönnunarmars**

Margir hönnuðir settu svip sinn á Seltjarnarnesið þessa daga í tilefni af HönnunarMars sem stóð óvenju lengi þetta árið eða frá 22. mars til 2. apríl í Lækningaminjasafni og 22. apríl í Gallerí Gróttu. Í Gallerí gróttu var sýningin SHIFT þar sem stefnt var saman fjölbreyttum verkum skoskra og íslenskra samtímahönnuða. Þeir hittust í fyrsta sinn á HönnunarMars 2017, skiptust á hugmyndum og byrjuðu þróunarvinnu fyrir áframhaldandi verkefni. Í Lækningaminjasafni var sýningin STÓLPAR þar sem sýnd voru verk eftir 20 félagsmenn Textílfélagsins.

## **Barnameningarhátíð**

Blásið var til Barnameningarhátíðar Seltjarnarness fimmtudaginn 27. apríl og voru allir boðnir velkomnir. Hátíðin fór fram á Eiðistorgi, í Bókasafninu og Gallerí Gróttu en um eitt hundrað börn komu fram á hátíðinni eða lögðu henni lið á einn eða annan máta. Eiðistorgið var fært í sérstakan hátíðarbúning og forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson setti hátíðardagskrána. Kynnir var leikkonan kunna Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir. Hátíðin hófst

með formlegum hætti þegar sýningin „Þetta vilja börnin sjá!“ var opnuð í Gallerí Gróttu. Þar gaf að líta myndir eftir 24 myndskreyta úr 32 barnabókum sem komu út árið 2016, 3D prentun frá Hlutprent í Bókasafninu og á sama tíma hófst þar Vísindasmiðja Háskóla Íslands. Í Gallerí Gróttu var hægt að fylgjast með blöðrulistamanni leika listir sínar. Megin hátíðardagskráin var á Eiðistorgi frá kl. 17. Þar var Húlladúllan með sýnikennslu og trúður skemmti gestum á torginu. Á torginu var líf og fjör frá kl. 17-19. Þar tróðu upp Lúðrasveit Seltjarnarness, stór hópur ungra flautuleikara og söngvara úr Tónó, stúlknaðið Stjúpmæðurnar, Freestyle dansarar úr Való, Samféskeppendur og að lokum tróðu elstu bekkingar grunnskólans upp með atriði úr Bugsy Malone. Ísbúðin Arna bauð öllum börnum upp að 15 ára aldri upp á ókeypis ís.

### **Rithöfundakynningar**

Hin árvissa höfundakynning Bókasafns Seltjarnarnarness fór fram þann 21. nóvember. Bókmenntafræðingurinn og gagnrýnandinn Sunna Dís Másdóttir stjórnaði umræðum. Höfundarnir sem kynntu verk sín voru Sólveig Pálsdóttir, Bubbi Morthens, Oddný Eir Ævarsdóttir og Ármann Jakobsson. Veitingar voru í boði og rúmlega 100 manns sóttu viðburðinn.

### **Aðrir viðburðir og sýningar**

Sérstakar sýningar og uppstillingar í Bókasafninu þetta árið tengdust afmælum, dánardögum og heiðursverðlaunum s.s. Þorrinn og Þjóðtrúin, heilsuefling, nýtt í leikhúsum og tónleikum, draugasögur bæði í barnadeild og fullorðinsdeild út af Vetrarhátíð, Kiljan hefur aftur göngu sína, bækur um Kína og frá Kína, gjöf Ólafs Egilssonar, Vigdís Grímsdóttir, Jóhann Helgason, fuglar, náttúra, villt dýr, ferðabækur innanlands og utan, garðyrkja og þess háttar, Sigurður A. Magnússon, Jóhanna Kristjónsdóttir + vegleg sýning á Menningarhátíð í okt., á fjölnum, leikhús og Sinfó fram að jólum, örsýning á hjálpargögnum skrásetjara og bókasafnsstarfsmanna, Bókmenntahátíð, Sigurður Pálsson, íslenskir myndlistarmenn, Bókmenntaverðlaun Nóbels, Kazuo Ishiguro, Siðbót í 500 ár, Dagur íslenskrar tungu, Norræna bókasafnavikan – finnskar bókmenntir, eyjar í norðri. Öskudagur var á sínum stað með nammi og bókamerki að gjöf. Bókasafnið tók að sér dómgæslu í Upplestrarkeppni grunnskólanna. Páskahappdrætti fyrir börnin var haldið að venju.

Alls voru haldnir 158 viðburður á safninu árið 2017 sem 3.926 gestir sóttu. Þar af voru 82 viðburðir fyrir börn og fjöldi gesta sem sótti þá þetta árið voru 1.852. Bókasafnið lánaði eða leigði aðstöðu sína fyrir 7 viðburði sem 245 manns sóttu.